

Heilsugæslan á Akureyri er kennslustöð

Á heilsugæslustöðinni eru starfandi tíu sérfræðingar í heimilislækningum. Einnig eru að jafnaði starfandi einn til fjórir sérnámslæknar í framhaldsnámi í heimilislækningum. Auk þess eru kandidatar starfandi á stöðinni, oftast einn eða 2 kandidatar í þrjá til sex mánuði í senn.

Á stöðinni fer fram kennsla læknanema, hjúkrunar- og ljósmæðranema, kandidata og lækna í sérnámi í heimilislækningum. Allir læknar, hjúkrunarfræðingar og ljósmæður stöðvarinnar taka þátt í kennslu.

Læknar í sérnámi í heimilislækningum

Sérnám í heimilislækningum hefur verið við stöðina frá árinu 2005 og hafa nú 3 sérfræðingar í heimilislækningum útskrifast frá Heilsugæslunni á Akureyri.

Eins og áður segir eru starfandi við stöðina einn til 6 læknar í sérnámi í heimilislækningum. Auk þeirra koma læknar í sérnámi tvo hálfra daga í mánuði til að sjá sjúklinga á stöðinni þegar þeir eru í námi utan stöðvarinnar.

Sérnámið tekur fimm ár. Læknar í sérnámi í heimilislækningum hafa leiðbeinanda allt námið, sem er sérfræðingur í heimilislækningum við stöðina.

Kandidatar

Að jafnaði er einn til tveir kandidatar starfandi við stöðina. Kandidatar eru oftast fjóra mánuði á stöðinni í senn. Þeir hafa sérfræðing í heimilislækningum sem leiðbeinanda (mentor) allan tímann en allir heimilislæknar stöðvarinnar taka þátt í kennslu þeirra.

Læknanemar

Á hverju ári koma læknanemar á sjötta ári í verklegt nám á stöðina. Árlega hafa komið um 12 nemar sem dvelja viku í senn. Læknanemar fylgjast með læknum og hjúkrunarfræðingum að störfum, jafnt dagvinnu og vöktum. Þeir fá að reyna sig í móttöku, greiningu og úrvinnslu algengra vandamála. Reynt er að gefa sem fjölbreyttasta innsýn í störf heimilislæknis og starfsemi heilsugæslu á landsbyggðinni.

Hjúkrunarnemar

Á hverju ári koma fjórða árs hjúkrunarnemar í verklegt nám á stöðina. Þá koma á stöðina ljósmæðranemar á hverju ári í verklegt nám.

Nánar um kennsluna

Kennsla í heimilislækningum er mjög fjölbreytt og byggir að mestu á viðtölum og þjónustu við skjólstæðinga en einnig er um að ræða bóklega og fræðilega kennslu. Þá er fylgst með sérnámslæknum og kandidötum í viðtölum gegnum sjónvarpsskjá og þá ávallt með skriflegu leyfi sjúklinga.

Á stöðinni er starfandi kennslustjóri læknanema, Valur Helgi Kristinsson sérfræðingur í heimilislækningum. Einnig er starfandi kennslustjóri kandidate og sérnámslækna, Sólveig Pétursdóttir sérfræðingur í heimilislækningum. Auk þess skipta Björg Ólafsdóttir og Guðrún Dóra Clark, báðar sérfræðingar í heimilislækningum, með sér að skipuleggja vikulega fræðslufundi fyrir alla lækna stöðvarinnar.

María Arnfinndóttir kerfisstjóri og móttökuritari er umsjónaraðili og skipulagsstjóri námsins í samvinnu við lækna stöðvarinnar og lækna á öðrum starfsstöðvum HSN.

Á stöðinni fer fram bókleg og fræðileg kennsla allra þeirra lækna sem eru í sérnámi í heimilislækningum. Allir lækna stöðvarinnar koma jafnt að kennslumálum skv. nánara skipulagi og kennsludagskrá hverju sinni.

Kennslustjórar bera ábyrgð á og skipuleggja

- ◆ kennslu læknanema.
- ◆ kennslu kandidate og námslækna á heilsugæslustöðinni.
- ◆ aðlögunarþrógram f. nýja kandidate og námslækna.
- ◆ fræðslufundi og tilfella fundi vikulega.
- ◆ video-monitoringu a.m.k. mánaðarlega.
- ◆ nótnafundi a.m.k. tvisvar í mánuði.
- ◆ vikulega framvindu fundi fyrir námslækna og kandidate með sínum mentor.
- ◆ umræðufundi um kennslu á sinni stöð.
- ◆ skil á formlegu mati til ábyrgðaraðila.

Sérnámsþópur í heimilislækningum

Haustið 2014 var stofnaður sérnámsþópur heimilislækna, með aðsetur á HAK. Sólveig Pétursdóttir heimilislæknir er leiðbeinandi hópsins. Þetta er eini sérnámsþópurinn sem er með aðsetur utan höfuðborgarsvæðisins og einn þriggja sérnámsþópa á landinu. Mikilvægi sérnámsþópsins fyrir heilsugæslu og heimilislækningar á landsbyggðinni er gríðarlegt. Sérnámsþópurinn er og verður veigamikill þáttur í því að auka nýliðun heimilislækna í dreifbýli, amk fyrir norður- og austurland. Á stöðinni er fjarfundabúnaður og hægt er að senda út kennslufundi til annara sérnámslækna á landsbyggðinni eftir þörfum. Þá er einnig í gangi öflug fræðslustarfsemi á vegum lækna stöðvarinnar sem fyrst og fremst er ætluð heimilislæknum, sérnámslæknum, kandidatetum, læknanemum og eftir atvikum öðru starfsfólki stöðvarinnar. Einnig eru horfur á vaxandi samvinnu við aðrar starfsstöðvar HSN og er það í mótun.

Starfið

Starfið felst í almennri heilsugæsluvinnu með móttöku og símatímum. Þátttaka í vöktum er hluti af starfinu. Alltaf er reyndur læknir á bakvakt, sérfræðingur í heimilislækningum.

Vaktlæknir er með vaktmóttöku á SAk virka daga frá 17-21 og um helgar 10-12 og 14-16. Vakthafandi læknir fer með í F1 útköll og í F2 útköll ef við á. Þau vandamál sem koma upp á vöktum eru mjög fjölbreytt. Á vöktum er vakthafandi ábyrgur fyrir héraðinu sem telur u.þ.b. 22000 manns. Kandidat tekur þátt í ungbarnaeftirliti, mæðravernd og annarri heilsuvernd eftir aðstæðum hverju sinni.

Mikil áhersla er lögð á að kandidatar og sérnámslæknar leiti til sérfræðinga stöðvarinnar þegar þeir eru í vafa með vandamál sem þeir eru að sinna og ekki síður til að fá álit varðandi greiningu og meðferð. Best er að leita fyrst til þess sérfræðings á stöðinni sem er heimilislæknir sjúklings og þekkir best til hans. Einnig geta kandidatar eftir atvikum leitað til sérnámslækna. Ef gera þarf smáaðgerðir s.s. að fjarlægja minniháttar húðbreytingar er hægt að fá aðstoð frá sérfræðingum stöðvarinnar, en rétt er að ræða slíkt fyrirfram við viðkomandi sérfræðing og haga bókun í samræmi við það. Gott er að vera með í einni aðgerð og framkvæma aðra undir handleiðslu. Við aðgerðir er hjúkrunarfræðingur gjarnan bókaður með.

31.08.2016

Jón Torfi Halldórsson, yfirlæknir HAK

Sólveig Pétursdóttir, kennslustjóri

Valur Helgi Kristinsson, kennslustjóri